

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 8. október kl. 09:12, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 840. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ingvar Jón Bates Gíslason, Björn Ingi Edvardsson, Ólafur Melsted, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Sólveig Sigurðardóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Ævar Harðarson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Bergstaðastræti 18, (fsp) flutningur húss,** (01.184.0) Mál nr. SN210607
stækkun o.fl. Skjalnr. 10383
Ólöf Flygenring, Mjóahlíð 4, 105 Reykjavík
Örn Úlfar Höskuldsson, Bergstaðastræti 20, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. september 2021 var lögð fram fyrirspurn Ólafar Flygenring dags. 30. ágúst 2021 um flutning húss, sem áður stóð á lóð nr. 7 við Bergstaðastræti, á lóð nr. 18 við Bergstaðastræti. Stækkun á viðbyggingu aftan við húsið og því að reisa nýja viðbygging við gafl hússins á lóð nr. 20 við Bergstaðastræti, samkvæmt tillögu/skissu ódags. Einnig er lögð fram umsögn Borgarsögusafns reykjavíkur dags. 19. mars 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 10. september 2021. Lagt fram að nýju ásamt uppdráttum (afstöðumynd, grunnmynd og útlit) dags. í október 2021
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
- Hallgerðargata 2 og Borgartún 41, breyting** (01.349.4) Mál nr. SN210693
á lóðamörkum Skjalnr. 14563
Lagt fram bréf Landupplýsingadeildar dags. 6. október 2021 þar sem óskað er eftir að lóðamörk lóðanna nr. 2 við Hallgerðargötu og 41 við Borgartún verði breytt í samræmi við lóðauppdrætti og breytingarblöð dags. 15. september 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
- Laufásvegur 73, Frístandandi** (11.971.11) Mál nr. BN059991
tómstundarrými Skjalnr. 10548
Guðbjörg Karen Axelsdóttir, Laufásvegur 73, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tómstundahús og gróðurhús á lóðamörkum í suðaustur og áhaldaskúr og pergólu á baklóð einbýlishúss á lóð nr. 73 við Laufásveg. Tómstundarrými, mhl. 02, A-rými: 66,1 ferm., 224,7 rúmm. Gróðurhús/laufskáli, mhl. 03, B-rými: 25,4 ferm. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

4. **Snorrabraut 60, breyting á deiliskipulagi** (01.193.4) Mál nr. SN210476
Skjalnr. 6940
Feier ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Kanon arkitektar ehf., Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Helga Konráðs Thoroddsen, dags. 25. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að nýr byggingarreitur kemur fyrir einnar hæðar viðbyggingu við bakinnangang á vesturhlið núverandi byggingar, nýr afgirtur köfnunarefnistankur kemur við norðurgafli núverandi húss og tvö bílastæði með afkomu um Egilsgötu eru talin með til bílastæðabókhalds, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta dags. 22. júní 2021, br. 16. ágúst 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. september 2021 til og með 5. október 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
5. **Brautarholtsvegur 41, (fsp) breyta einbýlishúsalóð í parhúsalóð** Mál nr. SN210677
Skjalnr. 14056
Ragnheiður Hafsteinsdóttir, Brautarholtsvegur 39, 162
Alexía Gerður Valgeirsdóttir, Bjarkarholt 25, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Ragnheiðar Hafsteinsdóttur dags. 30. september 2021 um að breyta einbýlishúsalóð að Brautarholtsvegi í parhúsalóð. Einnig eru lagðir fram uppdraettir Teiknistofunnar Arkar dags. 11. september 2021 og 3. október 2021 sem sýna hugmyndir af parhúsi.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Kjalarnes, Tindar 3, (fsp) stækkun húss** Mál nr. SN210617
Skjalnr. 10207
Sveinn Ingimar Sveinsson, Holtagerði 51, 200 Kópavogur
S.S. Verktak ehf., Holtagerði 51, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. september 2021 var lögð fram fyrirspurn Sveins Ingimars Sveinssonar dags. 1. september 2021 um stækkun núverandi húss á jörðinni Tindar 3 á Kjalarnesi, eða byggja nýtt hús. Einnig er spurt um aðkomurétt Tinda 3 að vegtengingu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.
7. **Rafstöðvarvegur 4, (fsp) uppbygging** (04.250.7) Mál nr. SN210570
Skjalnr. 14536
Hallgrímur Þór Sigurðsson, Heiðarlundur 15, 210 Garðabær
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 20. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Hallgríms Þórs Sigurðssonar dags. 10. ágúst 2021 um uppbyggingu á lóð nr. 4 við Rafstöðvarveg skv. tillögu Arkþings - Nordic ehf. dags. í ágúst 2021. Einnig er lagt fram fylgiskjal dagsett í júlí 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.
8. **Silfurslétta 9, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (03.453.5) Mál nr. SN210651
Skjalnr. 14557
Landmótun sf., Hamraborg 12, 200 Kópavogur
Esju-Einingar ehf., Krókhálsi 5, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. september 2021 var lögð fram fyrirspurn Landsmótunar sf. dags. 17. september 2021 ásamt bréfi Hauks Óskarssonar dags. 3. september 2021 um breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis við Esjumela vegna lóðar nr. 9 við Silfursléttu sem felst í stækkun lóðarinnar, en gert er ráð fyrir að koma fyrir skrifstofubyggingu og bílastæðum við suðurenda lóðarinnar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.

9. **Stardalur/Skálafell, afmörkun lóðar** (35.3) Mál nr. SN210595
Skjalnr. 10250
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 27. ágúst 2021 var lagt fram bréf landupplýsingadeildar dags. 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa að afmörkuð sé lóð utan um fjarskiptastöðina á Skálafelli á Mosfellsheiði, lóðin er í landi Stardals. Einnig er lagt fram samþykki landeiganda dags. 18. ágúst, lóðauppdráttur dags. 19. ágúst 2021 og yfirlitsmynd, samningur og hnitaskrá dags. 22. mars 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps dags. 6. október 2021 ásamt fylgiskjali. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.
10. **Skálafell, breyting á deiliskipulagi** (35.3) Mál nr. SN210689
Skjalnr. 9914
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Skálafells. Í breytingunni felst að sveitarfélagsmörk eru uppfærð á milli Reykjavíkur og Kjósarhrepps sem hafa breyst frá því deiliskipulagið var unnið upphaflega og bætt er við lóð á toppi Skálafells fyrir núverandi fjarskiptastöð í samræmi við gildandi lóðauppdrátt, samkvæmt uppdr. Landslags ehf. dags. 4. október 2021
Vísað til skipulags og samgönguráðs.
11. **Álfheimar 74, (fsp) loftræstisamstæður** (01.434.3) Mál nr. SN210656
Skjalnr. 8801
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 20. september 2021 um að setja tvær loftræstisamstæður á þak hússins á lóð nr. 74 við Álfheima. Annars vegar ofan á þak yfir 7. hæð og hins vegar á þak yfir 4. hæð, samkvæmt tillögu ASK Arkitekta ehf. dags. 20. september 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Fossháls 13-15, breyting á deiliskipulagi** (04.304.5) Mál nr. SN210687
Skjalnr. 11276
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær
Lögð fram umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 1. október 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 13-15 við Fossháls. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar fyrir einnar hæðar viðbyggingu. Um er að ræða lagerhúsnæði við austurhluta lóðarinnar. Kjallari verður undir viðbyggingunni og bætt verður við innkeyrslu á lóð vegna aðgengi að kjallara, samkvæmt uppdr. K.J. ARK ehf. dags. 28. september 2021.
Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
13. **Hestháls 14, Standar fyrir auglýsingaskilti** (43.218.01) Mál nr. BN059671
Skjalnr. 7192
DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskilta á steypum undirstöðum í borgarlandi. Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

14. **Hverfisgata 98A, 100 og 100A, breyting á** (01.174.1) Mál nr. SN210662
deiliskipulagi Skjalnr. 5238
Mannverk ehf., Dugguvogi 2, 104 Reykjavík
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lögð fram umsókn Helga Mars Hallgrímssonar dags. 21. september 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.1 vegna lóðanna nr. 98A, 100 og 100A við Hverfisgötu. Breytingin felur í sér að heimilt verður að sameina lóðirnar í eina lóð, setja kvöð um uppbot byggðar í samræmi við fyrri lóðarmörk ásamt kvöð um þrjá innganga. Lyftustokkur og annar tækjabúnaður standi upp fyrir byggingarreit og íbúðum fækkar um tvær. Á lóð nr. 100 verður heimilt að byggja ofan á núverandi byggingu eða rífa hana og byggja nýja ásamt því að byggingarreitur minnkar og verður í samræmi við grunnflöt núverandi byggingar. Byggingarreitur og heimild fyrir kjallara fellur út ásamt því að sér byggingareitur stiga- og lyftuhúss fellur út, samkvæmt uppd. Arkþing - Nordic ehf. dags. 16. september 2021. Erindinu var vísað til Meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hverfisgötu 98, 100B og Barónsstíg 11, 11A og 11B.
Erindið verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynningu sbr. 7.6. gr., sjá gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
15. **Bíldshöfði 4-6, Breytingar inni - 0102** (40.593.03) Mál nr. BN059994
Skjalnr. 14562
Brimborg ehf., Bíldshöfða 6, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0102, þar komið verður fyrir sölu- og sýningarsal á rafbílum, komið fyrir sólarcellum upp á þaki og gerðar rafhleðslustöðvar á bílastæði á lóð nr. 4-6 við Bíldshöfða.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
16. **Gvendargeisli 94, (fsp) skrá skriðrými sem** (05.135) Mál nr. SN210685
hluta af húsi Skjalnr. 11850
Kjartan Jónsson, Gvendargeisli 94, 113 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Jónssonar dags. 1. október 2021 ásamt bréfi dags. 23. september 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 94 við Gvendargeisla sem felst í því að tvö rými skráð sem skriðrými í kjallara verði hluti af húsinu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
17. **Hjallavegur 52, (fsp) færsla og stækkun á** (01.384.0) Mál nr. SN210686
byggingarreit bílskúrs Skjalnr. 7525
Sigtryggur Símonarson, Hjallavegur 52, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigtryggs Símonarsonar dags. 3. október 2021 um færslu og stækkun á byggingarreit bílskúrs á lóð nr. 52 við Hjallaveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Langagerði 7, (fsp) breyting á notkun** (01.830.2) Mál nr. SN210629
bílskúrs Skjalnr. 14545
Pedi ehf., Fellstúni 20, 550 Sauðárkrókur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. september 21021 var lögð fram fyrirspurn Pedi ehf. dags. 26. ágúst 2021 um að breyta notkun bílskúrs í íbúð sem verður hluti af húseign. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.

19. **Njálsgata 77, Svalir - 1. 2. og 3ju hæð** (11.910.20) Mál nr. BN059743
Skjalnr. 14540
Njálsgata 77, húsfélag, Njálsgötu 77, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á 1. 2. og 3. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 77 við Njálsgötu. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 27. ágúst 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. ágúst 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 30. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Njálsgötu 75 og 79.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
20. **Rökkvatjörn 1, Mhl.05 - Rökkvatjörn 1, Gæfutjörn 10, íbúðir og verslun** (50.516.01) Mál nr. BN059580
Skjalnr. 14362
Hans Olav Andersen, Hávallagata 21, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja 21 íbúða, 3-5 hæða fjölbýlishús ásamt kjallara og verslunar- og þjónusturýmum á jarðhæð, Rökkvatjörn 1 og Gæfutjörn 10, mhl.05, sem er 3. áfangi uppbyggingar á lóð nr. 1 við Rökkvatjörn. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. október 2021.
Stærð mhl.05: 2.402.8 ferm., 7.804.1 rúmm. Erindi fylgir bréf frá hönnuði vegna umsagnar skipulagsfulltrúa, frá 17. ágúst 2021, dags. 14. september 2021, mæliblað 5.051.6 útgefið 13. september 2018, hæðablað 5.051.6.1 dags. 29. maí 2019, hæðablað 5.051.6 útg. 3 dags. 17. mars 2021. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. ágúst 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 7. október 2021, samþykkt.
21. **Sörlaskjól 10, Forstofa, færa aðalinngang** (15.322.12) Mál nr. BN059642
Skjalnr.
Arnar Orri Bjarnason, Sörlaskjól 10, 107 Reykjavík
Halla Harðardóttir, Sörlaskjól 10, 107 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja forstofu við norðurhlíð og breytingar á innra skipulagi húss á lóð nr. 10 við Sörlaskjól. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Stækkun er: 49,9 ferm., 121,4 rúmm. Erindi fylgir samþykki eigenda nr. 12 við Sörlaskjól á teikningu dags. 5. júlí 2021 og skýringarmyndir hönnuðar vegna breytinga dags. 5. júlí 2021 ásamt yfirliti breytinga á afriti af aðaluppdrætti stimpluðum 22. ágúst 1946. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.

22. **Eggertsgata 35, Leikskóli** (16.361.01) Mál nr. BN059952
Skjalnr. 13409
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. september 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja fjögurra deilda leikskóla fyrir 70 börn, mhl.03, á lóð nr. 35 við Eggertsgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Stærðir mhl.03: 630.0 ferm., 2.047.5 rúmm. Erindi fylgir skýrsla um brunahönnun unnin af Örugg verkfræðistofu, dags. 9. september 2021 og lóðablað 1.636.1 dags. 7. júní 2021. Gjald kr. 12.100
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
23. **Bústaðavegur 7, Stækkun kælirafta og varaflstöðvar** (17.375.01) Mál nr. BN059956
Skjalnr. 7045
Veðurstofa Íslands, Bústaðavegi 9, 103 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir einum kælirafti og varaafstöð með tilheyrandi færslu á hljóðgirðingu austan við hús á lóð nr. 7 við Bústaðaveg. Einnig er lagður fram tölvupóstur Veðurstofu Íslands dags. 7. október 2021 vegna samþykkis eigenda að Bústaðarvegi 7A og Bústaðarvegi 9. Erindi fylgir afrit útskriftar úr gerðabók skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2021 og afrit af umsögn fyrirspurnar til skipulagsfulltrúa dags. 5. febrúar 2021. Gjald kr.12.100
Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem hin leyfisskylda framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar. Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
24. **Haukdælabraut 94, (fsp) stækkun lóðar** (05.114.1) Mál nr. SN210657
Skjalnr. 12546
Hlédís Sveinsdóttir, Brekkugata 14, 220 Hafnarfjörður
Kristín Sigurey Sigurðardóttir, Haukdælabraut 94, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Hlédísar Sveinsdóttur dags. 20. september 2021 ásamt bréfi dags. 15. september 2021 um stækkun lóðarinnar nr. 94 við Haukdælabraut úr 765 fm í 800 fm. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.
25. **Sogavegur 3, (fsp) færsla lóðarmarka o.fl.** (01.810.9) Mál nr. SN210661
Skjalnr. 9759
Fiskikóngurinn ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær
K.J. hönnun ehf., Kringlunni 7, 123 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 21. september 2021 um að færa lóðarmörk lóðarinnar nr. 3 við Sogaveg, stækka kjallara til vesturs og setja nýjan inngang á kjallara frá borgarlandi ásamt því að bæta við tveimur bílastæðum á lóð, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.

26. **Langholtsvegur 89, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.410.0) Mál nr. SN210417
Skjalnr. 9599
Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Aflorku ehf. dags. 3. júní 2021 um breytingu á deiliskipulagi "Sundin, reitir 1.3 og 1.4" vegna lóðarinnar nr. 89 við Langholtsveg sem felst í að breyta og lyfta þaki hússins svo það gangi fram yfir útbyggingu á suðurhlið og koma þar fyrir svölum, fjölga og stækka kvisti ásamt því að færa inngang efri hæðar á norðurhlið og setja þar stiga, samkvæmt uppdr. Tvíhorf arkitektar 27. júní 2019. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embætti, og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. október 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 8. október 2021, samþykkt.
27. **Þingholtsstræti 37, Breytingar** (11.836.11) Mál nr. BN059533
Skjalnr. 14561
Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir lyftu í anddyri skólans, breyta innra skipulagi snyrtinga á 2. hæð og setja svalir á suðurhlið efri hæðar húss á lóð nr. 37 við Þingholtsstræti. Erindi fylgir bréf hönnuðar og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 15. júní 2021 og yfirlit breytinga unnið á afriti samþykktra uppdratta. Gjald kr.12.100
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
28. **Akurgerði 37, Bílskúr** (18.132.02) Mál nr. BN059963
Skjalnr. 11877
Bryndís Theresía Gísladóttir, Akurgerði 37, 108 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 6. október 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja staðsteyptan bílskúr með einhalla þaki á lóð nr. 37 við Akurgerði. [Stærð bílskúrs er: 40,0 ferm., 126,4 rúmm. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Rauðarárstígur 27-29, (fsp) breyting á notkun húsnæðis, fækkun bílastæða o.fl.** (01.244.0) Mál nr. SN210609
Skjalnr. 7231
Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík
Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Noland Arkitektar ehf. dags. 30. ágúst 2021 um að breyta notkun hússins á lóð nr. 27-29 við Rauðarárstíg úr skrifstofum í íbúðir, fækka bílastæðum við götu og gera breiðari gangstétt, setja nýja inndregna hæð á húsið og svalagang að aftanverðu ásamt nýjum svölum. Á jarðhæð verða íbúðir að hluta og núverandi veitingarými verður óbreytt.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
30. **Tunguvegur 17, (fsp) stækkun húss** (01.824.301) Mál nr. SN210554
Skjalnr. 14525
Jón Hrafn Hlöðversson, Holtsbúð 27, 210 Garðabær
Þórarinn Ragnar Pálmarsson, Giljaland 29, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlöðverssonar dags. 28. júlí 2021 ásamt greinargerð dags. 25. júlí 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 17 við Tunguveg. Einnig er lagður fram uppdr. dags. í desember 1978.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:39.

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir